

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert. Boða skal til hans með 6 daga fyrirvara, bréfléga eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna mæta.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn.

8. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðanda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og les ritari fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og vatnslögn í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Haligrímur Dalberg.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að bæirnir Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er nú tilheyra Undirfellssókn, falli undir Þingeyrarsókn í Húnavatnsprófastsdæmi.

Eftir ósk meirihluta safnaðarfunda í báðum hlutaðeigandi sóknum og ályktun héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 3. desember s. l., og með skírskotun til 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, leyfi til þess, að eftirtaldir 5 bæir, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er hingað til hafa tilheyrt Undirfellssókn í Húnavatnsprófastsdæmi, tilheyri framvegis Þingeyrarsókn í sama prófastsdæmi.